

6. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 22. janúar kl. 9:30 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Einar Strand slökkviliðsstjóri kom á fund nefndarinnar kl. 10.

1. Fræðslu- og frístundapjónusta og málefni eldri borgara

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Samstarfsnefndin er sammála um að ef til sameiningar kemur að opnað verði félagsmiðstöðin X-ið opin fyrir alla til kl. 16 virka með það að markmiði að tengja saman skóladaginn og frístundastarfið.

Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að ljúka vinnu við mat á húsnæðisþörf grunnskólans og leggja fram tillögur til framtíðar. Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu svokölluð sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gera sameinuðu sveitarfélagi kleift að fara hraðar í framkvæmdir í viðbyggingu.

Starfshópur á vegum Stykkishólmsbæjar vinnur að stefnumörkun í málefnum 60 ára og eldri mun skila tillögum sínum í febrúar. Uppbygging hjúkrunarheimilis er hafin í samstarfi Stykkishólmsbæjar og ríkisins. Áform eru um að koma upp Miðstöð eldri borgara og þjónustu á Skólastíg sem skapa mikil tækfæri til samþættingar á félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu íbúar Helgafellssveitar hafa sama aðgang að þjónustunni og íbúar í Stykkishólmi.

2. Brunavarnir

Einar Strand slökkvistjóri kom á fundinn og gerði grein fyrir fyrirkomulagi brunavarna hjá Slökkviliði Stykkishólms. Helgafellssveit er aðili að slökkviliðinu. Tillaga að Brunavarnaráætlun fyrir Stykkishólmi og Helgafellssveit er til umsagnar hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og verður staðfest í framhaldinu. Slökkviliðin á Vesturlandi eru með samninga um gagnkvæma aðstoð.

Í dreifbýli er alltaf áskorun að nálgast vatn. Slökkviliðið í Stykkishólmi er með tankbíl með um 20 tonn af vatni, sem sinnir fyrsta viðbragði. Auk þess er treyst á aðgengi að opnum vatnsbólum, þ.e. ám, lækjum og vötnum. Verði bruni koma önnur slökkvilið með sína tankbíl og mannskap.

Til framtíðar er æskilegt að leggja mat á hvort og hversu marga brunahana er nauðsynlegt að setja upp í dreifbýli.

Verði af sameiningu sveitarfélaganna leggur nefndin til að ný sveitarstjórn endurskoði Brunavarnaráætlun með tilliti til tækifæra til úrbóta í dreifbýli.

3. Félagsheimilið Skjöldur og Eyrbyggjusetur

Greinargerð Anok margmiðlunar með hugmynd um stofnun sjálfseignarstofnunar um Eyrbyggjusetur var lögð fram og rædd.

Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10. Næsti fundur nefndarinnar verður 27. janúar kl. 17:00.